

Bjarni Reykjalín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar og
Skútustaðahrepps
Kjarna
650 Laugar



Reykjavík, 8. apríl 2013
Tilvísun: UST20130200040/ksj

Tillaga að deiliskipulagi. Skútustaðir II, Skútustaðahreppi. Svæði fyrir ferðaþjónustu

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir ferðaþjónustu að Skútustöðum II Skútustaðahreppi.

Skipulagssvæðið

Ofangreind deiliskipulagstillaga nær yfir 1,55 ha svæði að Skútustöðum II. Á norðurhluta tillögunsvæðisins eru nú þegar íbúðarhús og gistiskálar. Suðurhluti svæðisins er óbyggður en tillagan gerir ráð fyrir að þar verði byggð íbúðarhús og smáhýsi.

Byggingarreitir

Í greinargerð deiliskipulagstillögunnar kemur fram að á byggingarreit A er gert ráð fyrir mögulegri stækkun úr 300 m² í 350 m². Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áætlanir fyrir reit A. Á byggingarreit B er gert ráð fyrir stækkun úr samtals 200 m² í 400 m². Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við áætlanir á reit B.

Byggingarreitur C er óbyggður eins og er, en á reitinn er áætlað að reisa íbúðarhús og 2 smáhýsi samtals að hámarki 550 m². Fram hefur komið í fyrri umsögnum Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að stofnunin telji byggingarreiti C og D of nálægt gervígig sem er staðsettur suðaustan til á deiliskipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun hefur borist uppdráttur með grunnmynd af áætlaðri byggingu á reit C. Umhverfisstofnun bendir á að grunnmyndin sýnir að byggingin er áætluð sunnarlega á byggingarreit C. Norðan við áætlaða byggingu er töluvert rými frá áætlaðri byggingu að mörkum byggingarreits. Að mati Umhverfisstofnunar væri ásættanlegra að byggt yrði á reit C ef áætluð bygging væri færð til norðurs á byggingarreit, en það skipulag myndi tryggja meira rými fyrir gíginn og næsta nágrenni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gervígigur verði ekki fyrir röskun. Umhverfisstofnun bendir einnig á að hver gígur er hluti af stærri heild, og að á ofangreindu

deiliskipulagssvæði og næstu lóð til austurs eru nokkrir gervigígar sem mynda heild. Umræddir gervigígar eru einnig mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn sem svæðið heimsækja.

Gervigígar

Gervigígar eru jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Í umfjöllun um skipulagssvæðið kemur fram í greinargerð að: „*Gervigígar eru á svæðinu og við skilgreiningu á byggingarreitum og staðsetningu mannvirkis skal taka tillit til þeirra.*” Einnig kemur eftirfarandi fram í greinargerð tillögunnar, í umfjöllun um náttúruvernd: „*Innan deiliskipulagssvæðisins eru gervigígar og er lögð áhersla á að röskun í nánasta umhverfis þeirra er óheimil.*” Að mati Umhverfisstofnunar eru gervigígar náttúruvætti sem ekki skuli þrengt að með byggingum. Umhverfisstofnun bendir á í því samhengi að skv. 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal við friðlýsingu náttúruvætta taka frá svæði í kringum náttúrumyndanir svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín. Að mati stofnunarinnar er ekki tekið tillit til gervigígs á suðausturhluta deiliskipulagstillögusvæðisins því byggingarreitir eru áætlaðir afar nálægt gígnum. Að mati Umhverfisstofnunar skiptir miklu máli að áætluð bygging verði færð til innan byggingarreits eins og fram hefur komið hér að ofan.

Fráveita

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við umfjöllun um fráveitu í deiliskipulagstillögunni.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerð deiliskipulagstillögunnar um að innan deiliskipulagsreitsins eru gervigígar þar sem lögð skuli áhersla á að röskun á þeim og nánasta umhverfis þeirra sé óheimil, og að forðast skuli allt jarðrask við framkvæmdir utan hannaðra samgönguleiða og byggingarreita. Umhverfisstofnun telur afar mikilvægt að áætluð bygging á byggingarreit C verði færð til á byggingarreit og að gert verði ráð fyrir byggingunni eins norðarlega og kostur er.

Virðingarfyllst

Ólafur A Jónsson
Sviðsstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun